

## Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. fyrir starfsárið 2007.

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 11. apríl 2007 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Þröstur Ólafsson, Þórhallur Arason, Rakel Olsen, Kristbjörg Stephensen og Þorvaldur S. Þorvaldsson. Sem varamenn Benedikt Geirsson, Hafsteinn Hafsteinsson og Kristín Einarsdóttir. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Kristín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Þröstur Ólafsson kjörinn formaður stjórnar og Kristbjörg Stephensen varaformaður.

Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson.

Stjórn Minjaverndar hélt 3 bókaða stjórnarfundum á starfsárinu og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.

### Framkvæmdir í Aðalstræti.

#### Aðalstræti 10.

Við innkomu Reykjavíkurborgar í Minjavernd á árinu 2000 lagði Reykjavíkurborg inn í Minjavernd allar eignir sínar við Aðalstræti og í Grjótaþorpi að Aðalstræti 10 undanskildu. Var það gert með það að markmiði að Minjavernd tæki á sínar herðar að endurbyggja og endurgera þau hús og byggja upp á lóðum hús í þeim anda sem félli að yfirbragði götunnar á gullaldarskeiði hennar. Þá þegar var rætt um að Aðalstræti 10 yrði hluti þessarar vinnu þegar frá liði. Er líða tók á árið 2004 þótti rétt að leiða huga á ný til þessa verks, þar sem Aðalstræti var að fá nýtt og uppgert yfirbragð að öllu öðru leyti. Eftir viðræður milli Minjaverndar og Reykjavíkurborgar var gengið frá samningi um þetta verkefni þann 7. febrúar 2005. Fól sá gjörningur það í sér að Minjavernd tók húsið sjálft, þ.e. gamla húsið til vörslu til 35 ára. Minjavernd skal þar annast og kosta endurgerð þess og rekstur þann tíma. Jafnframt fól samningurinn í sér heimild til Minjaverndar að reisa nýbyggingu á baklóð hússins og tengja hana við gamla húsið. Sú nýbygging er eign Minjaverndar og var gengið frá lóðarleigusamningi vegna hennar. Við lok 35 ára vörslutíma hefur Reykjavíkurborg valkost um að lengja samning um 15 ár, eða endurgreiða hluta kostnaðar við endurgerð hússins. Þann 14. mars 2007 var gengið frá þeirri breytingu á samskiptum Reykjavíkurborgar og Minjaverndar varðandi húsið að Reykjavíkurborg afsalaði húsinu til Minjaverndar en þó þannig að borgin getur keypt það á ný miðað við sömu tímasetningar og voru í fyrri samningnum. Ráðist var í niðurtöku skúrbygginga fyrir aftan gamla húsið þegar í febrúar 2005, einkum til hagræðis fyrir framkvæmdir við Landnámsskálann á lóð Aðalstrætis 16. Húsið var allt mælt upp og teiknað, bæði áður en ráðist var í niðurtöku viðbygginga, meðan á niðurtöku þeirra og klæðninga innan úr gamla húsinu stóð og grind gamla hússins loks teiknuð nákvæmlega. Allt var þetta jafnframt ljósmyndað. Í framhaldi var ráðist í fornleifagröft á baklóð hússins og undir gólfi þess á kostnað og í umsjón Minjasafns Reykjavíkur og annaðist Fornleifastofnun það verk. Teknar voru ákvarðanir um hvað væri hægt að nýta af grind og innri klæðningum hússins, hvaða forsendur skyldu liggja til grundvallar endurgerð þess og hvernig staðið yrði að hönnun og framkvæmdum við nýbyggingu fyrir aftan húsið. Að niðurstöðu varð að styðjast skyldi við virðingargjörð frá 1822 sem er mjög nákvæm, auk uppmælingateikninga, er ákvörðun var tekin um framhald hönnunar. Ákveðið var að byggja nýbyggingu fyrir aftan húsið sem er eins að formi og það gamla, en úr steinsteypu og tengja byggingarnar saman með tengibyggingu úr stáli og gleri. Ennfremur var ákveðið að ráðast í að fleyga fyrir kjallara

undir tengibyggingunni og nær allri nýbyggingunni sem tengdist síðan tengingangi frá sýningarskála að Aðalstræti 16. Með því móti verður haldið öllum möguleikum opnum fyrir framtíð um að tengja starfsemi í Aðalstræti 10 við Landnámsskálann. Var þetta í takt við upphaflegar tillögur sem settar voru fram eftir að rúst skálans á lóð Aðalstrætis 16 fannst, að tengja þannig saman eitt elsta hús Reykjavíkur við elstu mannvistarleifar á Íslandi sem enn hafa fundist.

Stjórn Minjaverndar ræddi valkosti og tillögur í þessu efni og voru teikningar samþykktar þann 1. nóvember 2005. Nokkru fyrr voru hafnar framkvæmdir við undirstöður og grind gamla hússins.

Meginþungi vinnu við endurgerð hússins var á árinu 2006 og fram eftir útmánuðum 2007. Í sumarbyrjun 2006 hafði verið lokið við klæðningar á yrta byrði gamla hússins og voru þá vinnugirðingar teknar niður meðfram Aðalstræti. Lokið var við uppsteypu nýbyggingar um mitt það ár og tengibyggingu lokað með gleri á haustmánuðum. Veturinn 2006 til 2007 var unnið inni við frágang húsanna og því verki lokið formlega þann 14. apríl 2007 þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkur og Þröstur Ólafsson formaður stjórnar Minjaverndar festu upp skjöld á húsið. Um sama leyti var gengið frá samningum um starfsemi í húsinu. Reykjavíkurborg nýtir neðri hæð gamla hússins fyrir sýningar og kynningarastöðu, efri hæð þess er leigð til Handverks og hönnunar og nýbyggingin leigð Kraumi, félagi er reka mun þar verslun og sýningar á vönduðum íslenskum hönnunarvörum.

## Uppbygging við Aðalstræti.

Við verklok endurbyggingar Aðalstrætis 10 er lokið vinnu Minjaverndar að endursköpum húsa og götummyndar við vestanvert Aðalstræti. Umræður um þá endurbyggingu og samvinnu Minjaverndar við Reykjavíkurborg hófust í nóvember 1994. Fyrsta áfanga framkvæmda lauk 1999 þegar lokið var endurgerð hússins Ísafoldar, en Minjavernd tók það niður í Austurstræti 8 og endurreisti á núverandi stað að Aðalstræti 12. Í framhaldi gerðist Reykjavíkurborg hluthafi í Minjavernd og lét til félagsins allar eignir sínar við vestanvert Aðalstræti utan hús og lóð Aðalstrætis 10 á þeim tíma. Þetta var gert í því augnamiði að félagið tækist á herðar að standa fyrir uppbyggingu á auðum lóðum á horni Aðalstrætis og Túngötu ásamt því að endurbyggja húseignir að Aðalstræti 2. Þetta hefur verið eitt aðalverkefni félagsins á undanförunum árum og unnist í nokkrum áföngum. Stærsta verkefnið var uppbyggingin á horni Aðalstrætis og Túngötu sem lokið var í góðu samstarfi Reykjavíkurborgar, Fasteignafélagsins Stoða, nú Landic property og Minjaverndar. Heildarkostnaður þessarar uppbyggingar allrar nemur vel á þriðja milljarð króna. Er full ástæða til að þakka öllum þeim sem starfað hafa með Minjavernd að þessu verkefni.

## Kirkjustræti.

Eftir að endurbyggingu Ingólfsnausts að Aðalstræti 2 lauk og ljóst var orðið að uppbygging á horni Aðalstrætis og Túngötu mundi ganga fram undir þeim formerkjum sem Minjavernd hafði lagt upp, leit félagið nokkuð til þess hvort og hvar félagið gæti stutt við frekari uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur og hvar þau sjónarmið sem félagið starfar eftir gætu átt við.

Húsalína Kirkjustrætis frá Dómkirkju að Herkastala hefur verið lagfærð að miklu leyti og af myndarskap, bæði Alþingis og safnaðarstjórnar Dómkirkju. Fyrir lá þó að eftir var að taka ákvörðun um kaflann frá og með Skjaldbreið og að horni Tjarnargötu. Minjavernd lagði fram hugmynd sem innlegg í þá umræðu. Hluti þeirrar hugmynda var gamall, en sú útfærsla var ný og jafnframt fylgdi með tillaga til umræðu um að Minjavernd væri reiðubúin að annast og

kosta framkvæmd endurgerðar húsalínunnar, en Alþingi greiddi þá fyrir afnot húsanna í tiltekinn árafjölda og ætti síðan húsin að þeim tíma liðnum. Tillagan innihélt að stofni endurgerð og stækkun á húsinu Skjaldbreið og að Skúlahús að Vonarstræti 12 yrði flutt á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu.

Fyrst þegar þessari hugmynd var komið á framfæri hlaut hún ekki einróma viðtökur enda mörg álitamál sem hafa hefur þurft í huga varðandi framtíðaraðstöðu Alþingis. Á liðnu ári fékk sú umræða farsæla niðurstöðu í höndum Sturlu Böðvarssonar forseta Alþingis. Er það mjög ánægjulegt út frá viðhorfum Minjaverndar. Fyrir liggur þá að Alþingi þarf að huga að uppbyggingu þessari og á byggingarreit sínum í heild og setja hana niður í áfanga. Minjavernd er reiðubúin til samstarfs við Alþingi um framhald og framkvæmd þeirra áforma er snúa að húsalínu Kirkjustrætis.

## Ziemen.

Á vormáunðum 2006 tók Minjavernd að sér nýtt verkefni fyrir Reykjavíkurborg. Það var flutningur á húsinu Ziemen frá Hafnarstræti 21 til geymslu á Grandagarði. Í framhaldi voru af hálfu Minjaverndar, í samstarfi við Reykjavíkurborg, unnar upp tillögur að hugsanlegri framtíðarstaðsetningu hússins í miðborginni. Eftir umræður og skoðun máls varð ofan á að húsið skyldi um framtíð standa á Grófartorgi. Í framhaldi af því var þann 16. ágúst 2007 gengið frá samningi milli borgarinnar og Minjaverndar um flutning og endurgerð hússins þar. Verkefnið er komið af stað í framkvæmd og verður það eitt stærsta verkefnið sem félagið mun sinna á næsta ári. Fyrirhugað er að vanda allan frágang húss og umhverfis þess sem verða má og draga fram ýmis þau atriði sem minna á sögu þess og fyrra umhverfi. Þannig voru sökkulhleðslur þess teknar og verður sökkull endurhlaðinn úr sama grjóti. Til viðbótar verður grót úr sökklum annarra pakkhúsa sem rifin hafa verið fyrir löggu, en sökklar skildir eftir fyrir norðan húsið, hvar það stóð við Hafnarstræti. Jafnframt voru teknir niður hafnarkantar norðan við húsið til að endurhlaða í umhverfi þess á nýjum stað. Hafa Fraxaflóahafnir tekið vel í að koma að þeirri endurgerð. Jafnframt hefur Listasafn Reykjavíkur ákveðið að koma að frágangi umhverfis austan hússins með því að annast og kosta uppsetningu á listaverki í samvinnu við Minjavernd.

Húsið sjálft mun fá vandaða endurgerð. Í kjallara þess verður gert ráð fyrir veitingaaðstöðu, á neðri hæð hússins verður verslunarrými og skrifstofurými á efri hæð. Til að raska innra burðarvirki sem minnst og ganga ekki á nothæfan grunnflöt hússins sjálfs var ákveðið að færa stiga og lyftu út fyrir grunnflöt hússins og reisa þannig stiga og lyftuhús vestan við húsið.

Ákveðið var að hafa burðarvirki þess úr stáli og gluggakerfi úr járn. Verður það kerfi nokkuð frábrugðið þeim gluggakerfum sem helst eru notuð hér. Í kjallargluggum hússins og stærri gluggum neðri hæðar verður svipaðir járngluggar, en þó með eldra svipmóti.

Gert er ráð fyrir því að húsið verði selt að endurgerð lokinni, en Minjavernd vinnur þegar að því að finna heppilega rekstraraðila í húsið. Vonir standa til að húsið verði tilbúið um mitt ár 2008.

## Viðey.

Á árinu 2005 ákváðu þróunarfélagið Þyrping hf og Minjavernd að taka upp gamla hugmynd frá árinu 2001 um flutning á Minjasafni Reykjavíkur út í Viðey. Síðsumars og haust 2005 voru farnar nokkrar ferðir þangað sem og upp í Árbæjarsafn og aflað töluverðs fróðleiks. Í framhaldi voru unnin upp gögn sem sýna fram á hvernig hægt væri að koma safninu fyrir úti í Viðey, hvaða ráðstafanir þarf að gera til að það geti gerst og það verið rekið þar úti, kostnað þessu öllu samfara og lagt mat á verðmæti þess svæðis sem safnið nú stendur á og nýtt yrði

sem byggingarland. Erindi með efnivið þessum var sent Reykjavíkurborg og lögð þar fram þessi hugsun með tilboði um viðræður milli Reykjavíkurborgar og Þyrpingar, hvar Minjavernd er í hugmynda og ráðgjafahópi. Það er mat Minjaverndar að safnið gæti notið sín mun betur úti í Viðey. Eyjan muni með því fá hlutverk sem hana hefur vantað og þessum gullmola í borgarlandinu gert hærra undir höfði en verið hefur. Byggingarland muni líka losna, eitt það besta sem Reykjavíkurborg hefur upp á að bjóða. Tillaga þessi hlaut á vormánuðum 2006 töluverða umfjöllun bæði innan borgarkerfis sem og í fjölmiðlum. Fram komu ýmsar ábendingar, jákvæðar og neikvæðar, en neikvæðust varð umræðan af hálfu hluta starfsfólks Minjasafns Reykjavíkur. Af hálfu Minjaverndar er litið svo á að umræða um hugmynd þessa sé ekki öll, heldur þurfi hún að þroskast og vinnast betur. Niðurstaða starfshóps sviðsstjóra Reykjavíkurborgar liggur fyrir, en hefur ekki hlotið umræðu eða afgreiðslu. Minjavernd mun stuðla að frekari útfærslu og skoðun þessarar tillögu á næsta og næstu árum.

## Austurstræti 22 og Laugavegur 4 til 6.

Vorið 2007 skemmdust húseignir að Austurstræti 22 og Lækjargötu mikið í bruna. Að beiðni borgaryfirvalda veitti Minjavernd liðsinni við afskerningu svæðis ásamt, uppmælingu og niðurtöku leyfa hússins Austurstræti 22. Jafnframt veitti Minjavernd að beiðni borgaryfirvalda liðsinni sitt að Laugavegi 4 til 6, er til stóð að flytja þau hús og reisa nýbyggingar í þeirra stað.

## Vaktarabær og Gröndalshús.

Á liðnu ári hefur verið umræða milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um að félagið taki að sér endurgerð Vaktarabæjarins við Garðastræti og hefur stjórn félagsins samþykkt það af sinni hálfu. Unnið er að gerð samnings milli aðila um þá framkvæmd.

Nokkrar umræður hafa einnig á undanförunum misserum verið um framtíð Gröndalshús. Minjavernd hefur komið á framfæri við borgaryfirvöld tillögum um framtíð hússins sem liggja fyrir til skoðunar.

## Grjótagata 9.

Minjavernd keypti á vormánuðum 2007 húsið að Grjótagötu 9. Hefur á liðnu ári verið unnið að endurgerð þess og er henni nú að ljúka, 10 mánuðum frá því hún hófst. Er þar komið fyrir tveim íbúðum og er stefnt að því að selja húsið á næstunni, að endurgerð lokinni.

## Leigusamningar.

Minjavernd byggir fastan rekstur sinn og fjárhag að mestu leyti á útleigu þess húsnæðis sem hún hefur endurgert í miðborg Reykjavíkur. Það er því lögð töluverð vinna að því að halda útleigu þessara eigna í því horfi að þær skili ásættanlegum fjárhagslegum afrakstri og séu jafnframt umhverfi sínu til sóma. Á liðnu starfsári hafa litlar breytingar verið á hópi leigutaka og engar leigutekjur hafa verið afskrifaðar á árinu.

## Viðhald húseigna Minjaverndar í Reykjavík.

Minjavernd er það nokkurt kappsmál að halda eigum sínum í þokkalegu ásigkomulagi og að yfirbragð þeirra sé í umhverfi frekar til sóma en annað. Félagið lagði rúmlega 6.4 milljónir til viðhalds eigna sinna í Reykjavík á liðnu ári. Mikið er gengið um þau hús sem félagið hefur til útleigu og þarfnast þau því jafnvel meira viðhalds en framkvæmt hefur verið ef vel á að vera.

## Framkvæmdir eða áform Minjaverndar úti á landi.

### Bókhlaðan í Flatey.

Minjavernd hefur annast vörslu og viðhald Bókhlaðunnar í Flatey frá 1985. Húsið var byggt 1864 og er elsta hús sem byggt var fyrir bókasafn á landi hér og enn nýttist sem slíkt. Á árinu 2005 var húsinu tekið töluvert tak. Fyrir nokkru kom í ljós við flutninga hjá Landsbókasafni gamla bókasafn Flateyjar framfarastiftunar. Er þar um að ræða nokkur þúsund eintök bóka sem margar eru mjög verðmætar, en margar líka mjög skemmtilegar og segja með útliti sínu sögu um meðferð liðinna alda. Til umræðu hefur komið að Minjavernd aðstoði Landsbókasafn við að útvega fjármagn til að lagfæra einhvern hluta safnsins og hann verði fluttur aftur vestur til Flateyjar sem sýnissafn. Finna má því safni hugsanlega samastað í þeim pakkhúsum sem Minjavernd hefur unnið að endurgerð á.

### Eyjólfspakkhús, Stórapakkhús og Samkomuhús í Flatey.

Nú eru liðin sex ár síðan lokið var viðgerð Eyjólfspakkhúss og það tekið í notkun. Húsið hefur verið leigt út og hafa viðtökur og viðbrögð notenda verið mjög góð. Tekjur af því hafa aukist ár frá ári.

Eftir að lokið var við viðgerð Eyjólfspakkhúss var frekar litlum fjármunum varið til endurbyggingar hinna pakkhúsanna næstu ár, þ.e. Stórapakkhúss og Samkomuhúss. Á árinu 2004 var ráðist í að grafa út úr kjallara Stórapakkhúss, koma þar fyrir lögnum og steypa gólf. Jafnframt var allt innra burðarvirki hússins í kjallara og á 1. hæð lagfært eða endurnýjað. Auk þessa var norðurhlið hússins tekin í gegn, grind lagfærð og styrkt, gluggar settir í og hliðin klædd. Á árinu 2005 var skipt um þak Stórapakkhúss.

Frá áramótum 2005 / 2006 voru hins vegar verið farnar fjölmargar vinnuferðir á vegum félagsins til viðgerða á Samkomuhúsinu fram í júní það ár og síðan frá nóvember 2006 til júní 2007 til viðgerða á Stórapakkhúsi. Ljóst varð síðla árs 2005 að ekki yrði frekari þjónusta fyrir ferðamenn á Veitingastofunni Vogu og því engri slíkri þjónustu fyrir að fara ef ekkert yrði að gert. Um árabíl hefur verið til þess horft við endurgerð pakkhúsanna að þau nýttust í þágu ferðamanna í Flatey er til framtíðar væri litið. Því var sú ákvörðun tekin að ráðast í tveimur áföngum í að ljúka endurgerð þeirra. Fyrri áfanginn væri að ljúka viðgerð á Samkomuhúsi utan sem innan og litlum hluta Stórapakkhúss. Þar var þannig hægt að opna greiðasölu í sumarbyrjun 2006 og jafnframt gistingu í Eyjólfspakkhúsi. Seinni áfanginn var að ljúka við viðgerð Stórapakkhúss og koma þar fyrir herbergjum til gistingar og opna það vorið 2007. Fyrir liggur samningur við hlutafélag sex aðila um leigu og rekstur húsanna fyrir greiðasölu og gistaðstöðu. Er sá samningur á reynslustigi fyrstu árin, en miðað við viðbrögð síðustu sumur eru væntingar góðar um rekstur í þeim yfir sumarmánuði.

## Sjóvarnargarðar – Silfurgarður í Flatey.

Fyrir nokkrum árum átti Minjavernd frumkvæði að því með Þjóðminjasafni að ráðast í gagngerar endurbætur á gömlum hleðslum Silfurgarðs og Stóragarðs. Er nú komið að því að halda þarf því verki áfram. Í gegnum aldir hafa íbúar sinnt sínum vörum og hleðslum á hverju vori, en því er ekki til að dreifa lengur. Sem lið í að ganga frá umhverfi Eyjólfspakkhúss lét Minjavernd lagfæra Eyjólfspan á árinu 2003. Stórviðri og aukinn ágangur sjávar hefur skaðað mannvirki þessi á liðnum árum. Því er nauðsynlegt að afla fjár til frekari lagfæringa þessara gömlu mannvirkja, en Silfurgarður var stærsta einstaka einkaframkvæmd hér á landi á fyrri hluta 19. aldar.

## Húsin í heiðinni.

Lagning símanns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er undirbúin var sumarið 1905 og síðan framkvæmd á einu sumri 1906 var ótrúlegt þrekvirki og stærsta einstaka framkvæmd hér á landi á 20. öld fram að seinna stríði. Einkum var mikið í ráðist við að leggja línu yfir hálandi frá Héraði til Vopnafjarðar og þaðan yfir að Grímsstöðum á Fjöllum. Minjavernd hefur á undanförunum árum eða frá 2001 kannað línulögn þessa og ummerki þeirra þriggja húsa sem reist voru meðfram línunni á sínum tíma. Þeirri skoðun og vettvangsferðum meðfram allri línunni var lokið 2003 og tók félagið þá saman lítinn bækling um línulögnina. Í honum var lagt upp með áætlun um endurgerð þessara gömlu símahúsa. Er þar bæði um sögulega varðveislu að ræða og einnig getur það bætt aðstöðu fyrir ferðamennsku á þessari leið. Með endursmíð húsa væru komnir heppilegir áfangastaðir ferðamanna á göngu yfir þessi svæði, en slíkum ferðum hefur fjölgað mjög á liðnum árum. Það hefur líka komið í ljós að aðilar í ferðaþjónustu hafa komið að máli við félagið og boðið liðsinni, vinnuframlag og fjárstuðning við framhald verks þessa.

Á árinu 2004 réðst Minjavernd í að framkvæma fyrsta áfanga þessarar áætlunar, er fólst í endursmíð hússins við Haug, um 23 km austan við Grímsstaði á Fjöllum í um 740 metra hæð. Gekk sú framkvæmd ágætlega og þann 19. september það ár var húsinu komið fyrir á grunni þess gamla, svo nákvæmlega að gamla dyrahellan nýtist nú óhreyfð nýjum dyrum. Við framkvæmdina og í framhaldi af henni voru töluverð viðbrögð af heimaslóð og öll mjög jákvæð. Það varð með öðru til þess að félagið réðst í næsta áfanga verksins sem var að koma fyrir húsi í stað þess sem áður stóð á Urðum, nær miðja vegu milli Grímsstaða og Vopnafjarðar. Það hús er nokkru stærra en það fyrsta og betur búið til dvalar. Gengið var í framhaldi frá samningi við Ferðaklúbbinn 4x4 á Austurlandi um daglega vörslu húsa og afnot af þeim, en félagsskapurinn styrkti framkvæmdina jafnframt.

Í lok árs 2005 var síðan gengið frá samningi við Landssíma Íslands hf. um þriðja húsið á Smjörvatnsheiði. Með samningi þeim tók Síminn hf. að sér að kosta og framkvæma það að setja upp hús á Smjörvatnsheiði í stað húss sem reist var úr liggjandi símastaurum árið 1906. Húsið var reist og lokið við allan frágang þess sjálfs síðsumars 2006, en Minjavernd annaðist og kostaði á árinu 2007 lokafrágang og að setja í húsið innanstokksmuni, sérsníðaðar kojur, borð og bekkir. Í framhaldi var gerður samningur um vörslu þess og afnot við Björgunarsveitina Vopna á Vopnafirði. Húsið verður notað sem björgunarskýli á heiðinni og kemur í stað annars sem hrörlegt mjög er orðið og verður þá fjarlægð.

Á liðnu starfsári var þannig lokið við verkefni þetta sem tók 7 ár frá upphafi skoðunar til lokafrágangs síðasta hússins. Það hefur þegar gerbreytt aðstöðu og möguleikum ferðaþjónustu hvað aðstöðu snertir á þessum heiðum og heldur við sögu sem ella hefði glatast frekar í hugum fólks og fallið í gleymiskunnar dá.

## Ríkið á Seyðisfirði og Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.

Á þessu ári háttar svo til að Minjavernd hefur lokið þeim verkefnum úti á landi sem félagið hefur haft með höndum á liðnum árum. Því hefur val frekari verkefna verið rætt í stjórn félagsins og m.a. verið horft til Austfjarða í því efni.

Félagið hefur um nokkurra ára skeið unnið í samvinnu við fjármálaráðuneyti að framtíðarlausn á fyrirkomulagi endurbyggingar, eignarhaldi og rekstri hússins Ríkisins á Seyðisfirði. Að niðurstöðu hefur orðið að félagið taki við húsinu af fjármálaráðuneyti f.h. ríkissjóðs til eignar. Í því samhengi hefur verið gengið frá innihaldi tveggja samninga, annars vegar þríhliða samkomulags milli fjármálaráðuneytis, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Minjaverndar um framtíð hússins og hins vegar milli fjármálaráðuneytis og Minjaverndar um fjárhagslega hlið verkefnisins. Gengið verður frá samningum þessum nú í sumarbyrjun og þeir undirritaðir. Minjavernd hefur þegar farið skoðunarferðir vegna verkefnis þessa og hefur húsið allt verið mælt vandlega upp. Gert er ráð fyrir að húsinu verði lyft af sökkli sínum og lað lagt til hliðar á lóð austan þess. Síðan verði nýr sökkull steiptur undir það, það fært fjær götu og hækkað lítillaga, en það verður að öðru leyti sem næst á sama stað. Samningur skuldbindur félagið til að ljúka endurgerð þess að ytra byrði og öllum fágangi og endurgerð á verslunarafgreiðslu neðri hæðar þess. Því er stefnt að því að á þessu ári verði lokið við flutning þess á nýjan sökkul og endurgerð þess að utan ljúki fyrri hluta næsta árs. Minjavernd ber síðan að finna húsinu hentug not sem hæfi því, jafnframt sem sá rekstur þarf sem kostur er að standa undir lokum endurgerðar hússins að innan. Verkefni þetta verður skemmtilegt og bindur félagið vonir við góð samskipti við heimamenn um þá framkvæmd alla. Auk þess að taka með þessum hætti að sér ofangreint verkefni á Seyðisfirði hefur verið rætt um að taka Franska spítalann við Fáskrúðsfjörð til skoðunar sem eitt framtíðarverkefni félagsins. Nú í sumarbyrjun munu starfsmenn Minjaverndar gera úttekt á húsinu og mæla það upp. Ákvörðun um frekara framhald verður svo tekin þegar þau gögn liggja fyrir.

## Útgáfustarfsemi og merki Minjaverndar.

Þegar líða tók að lokum vinnu Minjaverndar að uppbyggingu við vestanvert Aðalstræti þótti stjórn félagsins rétt að gera því starfi og forsendum þess nokkur skil. Við þessa vinnu undanfarin ár hefur safnast mikið efni til viðbótar þeim sögulega fróðleik sem fyrir hendi var. Félagið fékk Guðjón Friðriksson sagnfræðing til að taka saman efni í bók um sögu götunnar frá upphafi, þ.e. landnámi til nútíma. Texti hennar liggur nú mikið til fyrir og er unnið að samantekt mynda. Nú í framhaldi af verkalokum í Aðalstræti 10 er ekkert til fyrirstöðu með að ljúka endanlegri vinnslu bókarinnar.

Stjórn Minjaverndar samþykkti á árinu 2006 útlit og gerð sérstaks merkis félagsins sem sett yrði á hvert það hús sem það kæmi að endurgerð á. Hefur það þegar verið sett á 5 hús, en mikið vantar á og verður unnið að því næsta ári.

Ýmis önnur verkefni eru eða hafa verið á borðum Minjaverndar til skoðunar, en hér þykir einungis ástæða til að nefna þau sem helst er unnið að um þessar mundir.

## Fjárhagsstaða, uppgjör afkoma Minjaverndar hf.

Afkoma Minjaverndar á árinu 2007 var jákvæð, en hagnaðar ársins nam 161.8 m.kr. Rekstrartekjur námu 53.9 m.kr. og rekstrargjöld námu 41.8 m.kr. Hækkun fjárfestingaeigna nam 158.0 m.kr. Eignir félagsins námu í árslok 820.7 m.kr. og skuldir 164.4 m.kr. Eigið fé var því 656.3 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 80.0 %, innra virði 2.3 og veltufjárhlutfall 1.5 %.

### Niðurlag.

Staða Minjaverndar hf. er góð. Tekjur félagsins hafa fylgt áætlunum og markaði. Til þessa verður að líta sérstaklega þar sem félaginu er ekki ætlað að þiggja fjármuni frá ríki eða borg og þarf því að huga vel að fjárhagsstöðu sinni til framtíðar. Á liðnum árum hefur meginþungi starfs verið í miðborg Reykjavíkur og verður þeim að mestu lokið með endurgerð Aðalstrætis 10 og Ziemsen. Félagið hefur unnið að hugmyndum um frekari verkefni í Reykjavík, en jafnframt hefur verið stefnt að því að styrkja starf þess úti á landi.

Pröstur Ólafsson formaður stjórnar  
Þorsteinn Bergsson framkvæmdastjóri.